

Endurskoðandinn

Hlutverk og ábyrgð



Félag löggilttra endurskoðenda

Félag löggiltra endurskoðenda - Apríl 2001

Umsjón: Endurskoðunarnefnd Félags löggiltra endurskoðenda

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Um endurskoðendur	11
Verkefni endurskoðenda	15
Skýrslur endurskoðenda	23
Niðurlag	35



Inngangur

Markmiðið með þessum bæklingi er að auka skilning á hlutverki og ábyrgð endurskoðenda m. a. með því að svara spurningum eins og:

- Hvað er endurskoðun?
- Hvaða faglegu kröfur eru gerðar til endurskoðenda?
- Hver ber ábyrgð á ársreikningi?
- Hvaða þýðingu hefur áritun endurskoðenda?

Ætlunin er því að varpa ljósi á grundvallaratriði endurskoðunar og hlutverk endurskoðenda við gerð ársreiknings fyrirtækis.

Einn megintilgangur löggjafarvaldsins með setningu laga um endurskoðendur er að stuðla að því að störf endurskoðenda og áritun á reikningsskil auki traust milli þeirra er leggja fram ársreikninga og lesenda þeirra. Nauðsynlegt er að gera greinarmun á hlutverki og ábyrgð stjórnenda fyrirtækis annars vegar og endurskoðenda þess hins vegar.

Einnig er nauðsynlegt að átta sig á hvaða gildi endurskoðunaráritunin hefur fyrir ársreikninginn og hvaða athuganir liggja til grundvallar mati endurskoðenda á að ársreikningurinn gefi glögga mynd af efnahag og afkomu í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Hvers vegna er ársreikningur saminn?

Fyrirtækjum og stofnunum er lögum samkvæmt skylt að semja ársreikning. Í lögum um ársreikninga er fjallað um kosningu endurskoðenda og/eða skoðunarmanna og er þar sérstaklega kveðið á um hvaða fyrirtækjum er skylt að kjósa a.m.k. einn endurskoðanda.

Hverjir eru lesendur ársreikninga?

Lesendur ársreikninga eru fjölmargir, svo sem eigendur, stjórnendur, starfsmenn, viðskiptamenn, opinberar stofnanir, samkeppnisaðilar og mögulegir fjárfestar. Þessir hópar eiga að hafa aðgang að upplýsingum um afkomu fyrirtækisins á liðnu ári og hver fjárhagsleg staða þess er á reikningsskiladegi.

Samþykktan ársreikning eða samstæðureikning fyrirtækis skal senda Ársreikningaskrá og skal hún veita almenningi aðgang að þeim gögnum sem eru skilaskyld.

Hver ber ábyrgð á gerð ársreiknings?

Stjórnendur fyrirtækis, þ.e. stjórn og framkvæmdastjóri, bera ábyrgð á gerð ársreiknings. Þeir bera einnig ábyrgð á að fyrirtækið hafi virkt fjárhagsupplýsingakerfi sem sýnir, mælir, skráir og upplýsir um viðskipti sem hafa þýðingu fyrir fjárhagslega stöðu þess og afkomu.

Til að auðvelda samanburð milli ára og milli fyrirtækja eru ársreikningar samdir með samræmdum hætti á grundvelli laga, reglna, góðrar reikningsskilavenju og samþykktar viðkomandi félags.

Stjórnendur bera ábyrgð á vali þeirrar reikningsskilaaðferðar sem gefur glögga mynd af afkomu og fjárhagslegri stöðu fyrirtækis. Hlutlaus endurskoðun breytir engu um ábyrgð þeirra á ársreikningnum.

Ársreikningurinn

Ársreikningurinn skal hafa að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisýfirlit og skýringar. Í móðurfélögum skal ennfremur semja samstæðureikning sem á að geyma sömu upplýsingar.

Ársreikningurinn þjónar einungis tilgangi sínum ef hann er gerður í samræmi við lög, reglur, góða reikningsskilavenju og samþykktir félags.

Hér á eftir verður sagt frá helstu reikningsskila- og matsaðferðum, sem eiga við um gerð ársreiknings.

Samræmi

Með samræmi er átt við að ársreikningurinn sé saminn eftir sömu reikningsskilaaðferðum frá ári til árs. Þegar breytt er um reikningsskilaaðferðir ber að skýra frá því og áhrifum breytinganna á afkomu og efnahag.

Áframhaldandi rekstur

Við gerð ársreiknings er gengið út frá þeirri forsendu að fyrirtæki eigi framtíðarmöguleika. Ef upplýsingar um hið gagnstæða liggja ekki fyrir er gert ráð fyrir að rekstur fyrirtækis haldi áfram.

Sé forsenda fyrir áframhaldandi rekstri brostin skal taka tillit til þess við gerð ársreikningsins. Við þær aðstæður skal mat efnahagsliða byggt á upplausnarvirði þeirra.

Stjórnendum fyrirtækis ber jafnframt að geta þess í skýrslu sinni ef þeir sjá fram á verulegar breytingar á rekstrarhorfum þess.

Tímasetning - lotun tekna og gjalda

Þess þarf að gæta að tekjur og gjöld séu færð á það tímabil sem þau tilheyra. Við gerð ársreiknings ber því að taka tillit til áfallinna og fyrirframgreiddra tekna og gjalda.

Matsaðferðir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur að meta ýmsa liði sem tengjast honum. Matsaðferðir eiga sér stoð í lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju. Raunverulegt verðmæti þessara liða, t.d. við innlausn eða sölu, getur hins vegar orðið annað en mat í reikningsskilunum.

Góð reikningsskilavenja

Góð reikningsskilavenja er ekki skilgreind í lögum en litið svo á að hún felist í viðurkenndum reikningsskilaaðferðum sem hæfir og samviskusamir kunnáttumenn á þessu sviði nota.

Reikningsskilastaðlar

Reikningsskilastaðlar og -reglur eru stjórnendum til aðstoðar við gerð ársreiknings, þannig að hann gefi glögga mynd af afkomu og efnahag fyrirtækis. Reglur og staðlar eru nauðsynleg hjálpartæki þar sem lagaákvæði eru oft ekki nægjanlega skýr um einstaka liði. Þessar leiðbeiningar eru einnig mikilvægar fyrir endurskoðendur og lesendur ársreikninga við mat á upplýsingum sem þar koma fram.

Fullnægjandi upplýsingar

Upplýsingar í ársreikningi eru fullnægjandi ef í honum er skýrt greinilega frá staðreyndum sem hafa áhrif á notagildi hans og skilning á honum. Stjórnendur fyrirtækis leggja fram ársreikninginn og eru bundnir af lögum og reglum um lágmarksupplýsingar sem þar koma fram.

Hvað er endurskoðun?

Endurskoðun má skilgreina sem sjálfstæða athugun er faglega hæfur og hlutlaus sérfræðingur gerir á reikningsskilum í þeim tilgangi að láta í ljós óháð álit á þeim.

Samkvæmt 8. gr. laga um endurskoðendur þýðir áritun endurskoðanda á ársreikning, nema annað sé tekið fram, að:

- reikningsskilin hafi verið endurskoðuð af honum í samræmi við góða endurskoðunarvenju
- reikningsskilin gefi að hans mati glögga mynd af efnahag og afkomu aðila í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Meirihluti endurskoðaðra ársreikninga fær jákvæða umsögn endurskoðanda. Þá er mat hans það að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu fyrirtækis og fjárhagslegri stöðu í samræmi við lög, góða reikningsskilavenju og samþykktir félagsins.

Neikvæð umsögn um ársreikning er sjaldgæf. Engu að síður geta legið margar og mismunandi ástæður að baki því að endurskoðandi setji fyrirvara í endurskoðunaráritun. Ágreiningur endurskoðanda og stjórnenda er ræddur og komast þeir oftast að samkomulagi um hvernig ársreikningurinn skuli lagður fram. Takist hins vegar ekki að ná samkomulagi verður endurskoðandi að gera fyrirvara í endurskoðunaráritun sinni.

Það er ekki hlutverk endurskoðenda við endurskoðun að meta hvort viðskiptaráðstafanir fyrirtækis eru skynsamlegar eða hagkvæmar. Það er hlutverk stjórnenda að reka fyrirtæki og eigenda að taka afstöðu til hvernig stjórnendur hafa leyst verkefni sín af hendi.

Um endurskoðendur

Forsenda þess að endurskoðendur geti leyst störf sín vel af hendi er að þeim sé treyst til að sinna þeim í samræmi við viðurkenndar aðferðir eða góða endurskoðunarvenju.

Þegar talað er um góða endurskoðunarvenju er í meginatriðum átt við tvennt. Annars vegar að endurskoðandi sé hlutlaus bæði í reynd og ásýnd og hins vegar að hann hafi faglega þekkingu til að leysa þau verkefni sem hann tekur að sér og þau séu unnin í samræmi við viðurkenndar endurskoðunaraðferðir.

Væntingar til endurskoðenda

Þær væntingar sem gerðar eru til starfa endurskoðenda eru margvíslegar og ólíkar eftir því hverjir eiga í hlut.

Hlutverk endurskoðenda má skýra með eftirfarandi mynd:


Meginverkefni endurskoðenda er að athuga fjárhagsupplýsingar í þeim tilgangi að láta í ljós óháð álit á þeim. Álit endurskoðenda eykur áreiðanleika reikningsskila og auðveldar lesendum að taka ákvarðanir á grundvelli þeirra.

Óháði er einn af hornsteinum endurskoðunarstarfsins. Sérstök ákvæði er m.a. að finna í lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og hlutafélagalögum um persónulegt og fjárhagslegt óháði endurskoðenda enda má ekki vera um það vafi að álit þeirra á reikningsskilum sé hlutlaust.

Endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki má ekki í þrjú ár samfelld eiga stærri hluta en 20% af veltu sinni undir einum viðskiptavini sem hann eða það endurskoðar, en heimilt er að veita undanþágu frá þessari reglu.

Hæfni endurskoðenda

Menntunarkröfur endurskoðenda eru bundnar í lögum og felast í almennu og sérhæfðu háskólanámi í viðskiptafræðum annars vegar og skipulegri starfsþjálfun hins vegar. Sá sem vill öðlast löggildingu til endurskoðunarstarfa þarf að hafa lokið prófi af endurskoðunarsviði í viðskiptadeild Háskóla Íslands, unnið í a.m.k. þrjú ár við endurskoðunarstörf undir stjórn endurskoðanda og að því loknu að standast verkleg próf í endurskoðun, reikningsskilum og skattskilum. Þeir einir



hafa rétt til að nota starfsheitið endurskoðandi sem hlotið hafa löggildingu til endurskoðunarstarfa.

Námið veitir endurskoðendum bæði faglega og persónulega hæfni til að vinna við endurskoðunar- og ráðgjafaverkefni í stöðugt flóknara atvinnuumhverfi.

Þagnarskylda

Endurskoðendur eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara. Starfsmenn endurskoðenda eru einnig bundnir þagnarskyldu um þau mál sem þeir kunna að komast að vegna starfa sinna. Sama gildir um þá sem tekið hafa að sér eftirlit með starfsemi endurskoðenda.

Óhæði og hlutleysi

Í lögum um endurskoðendur er þess getið að þeir skuli rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og halda lög og reglur sem lúta að starfi þeirra. Í lögnum er þess jafnframt getið að með endurskoðanda sé átt við þann sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum til notkunar í viðskiptum.

Endurskoðandi verður að vera óháður og hlutlaus í starfi sínu. Lesendur ársreikninga reiða sig á álit hans og er ekki óvanalegt að lánardrottinn eða þriðji aðili setji það sem skilyrði fyrir viðskiptasambandi að ársreikningur sé endurskoðaður.

Ábyrgð endurskoðenda

Hafi endurskoðandi ekki sinnt hlutverki sínu sem skyldi og vinna hans ekki verið í samræmi við góða endurskoðunarvenju og standist ekki lágmarkskröfur er hægt að kalla hann til ábyrgðar.

Í lögum um endurskoðendur er fjallað um starfsábyrgð endurskoðenda og eru þar meðal annars ákvæði þess efnis að ráðherra skipi þrjá menn í endurskoðendaráð sem tekur mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði. Telji ráðið sýnt að endurskoðandi hafi í störfum sínum brotið svo mjög eða ítrekað gegn lögum eða siðareglum Félags löggiltra endurskoðenda að ekki verði við unað að hann hafi áfram réttindi til að vera endurskoðandi, getur endurskoðendaráð lagt til við ráðherra að réttindi endurskoðandans verði felld niður um tiltekinn tíma eða ótímabundið ef sakir eru miklar. Það getur einnig veitt endurskoðanda áminningu eða gert honum að greiða sekt sem rennur til ríkissjóðs.

Verkefni endurskoðenda

Endurskoðun er háð því að unnt sé að staðfesta þær upplýsingar sem verið er að endurskoða en forsenda þess er að upplýsingar séu skipulega skráðar. Endurskoðun beinist því að fyrri eða samtíma viðskiptum en getur ekki tekið til ráðstafana sem snúa að framtíðinni.

Það er mikilvægt skilyrði við endurskoðun að endurskoðendur hafi ótakmarkaðan aðgang að upplýsingum og gögnum sem þeir telja skipta máli. Takmarkanir sem settar eru á vinnu endurskoðenda, t.d. við öflun gagna, geta leitt til þess að markmið endurskoðunar náist ekki.

Í meginatriðum má skipta verkefnum endurskoðenda í tvo flokka, þ.e. lögbundin verkefni og önnur verkefni.

Lögbundin verkefni

Í lögum eru ákvæði um að fyrirtæki og stofnanir sem uppfylla tiltekin skilyrði skuli kjósa sér endurskoðanda.

Krafa um endurskoðun felur í sér að ársreikningar skuli endurskoðaðir af faglega hæfum og hlutlausum endurskoðendum. Í ýmsum lögum er einnig áskilið að endurskoðendur komi að lausn sérhæfðra verkefna, t.d. við stofnun og slit félaga.

Önnur verkefni

Þess er ekki krafist að allir ársreikningar séu endurskoðaðir. Þeir sem ekki eru skyldugir til að leggja fram endurskoðaða ársreikninga geta engu að síður óskað eftir endurskoðun þeirra til þess að auka traust á upplýsingum sem í þeim eru.

Endurskoðandi er oftast kosinn á aðalfundi hvort sem um lögbundna endurskoðun eða valkvæða endurskoðun er að ræða. Engu að síður getur fyrirtæki ráðið til sín endurskoðanda þótt hann hafi ekki verið kosinn á aðalfundi. Enginn munur er á endurskoðun sem bundin er í lögum og þeirri sem fyrirtæki hafa sjálf ákveðið að láta vinna.

Ástæða þess að fyrirtæki og stofnanir óska eftir þjónustu endurskoðenda til annarra starfa en endurskoðunar er að þeir hafa sérþekkingu á skattskilum, reikningsskilum og ýmsum öðrum sviðum er snerta fjármál og rekstur.

Góð endurskoðunarvenja

Endurskoða á í samræmi við góða endurskoðunarvenju, en í því felst að endurskoðað er með viðurkenndum aðferðum sem hæfir og samviskusamir endurskoðendur nota. Umfang endurskoðunar og endurskoðunaraðferðir eru háðar breytingum, m.a. vegna framþróunar á sviði endurskoðunar, breytinga á viðskiptaháttum og öðrum aðstæðum.

Félag löggiltra endurskoðenda (FLE) hefur gefið út leiðbeinandi reglur um endurskoðun, auk þess sem erlend samtök endurskoðenda hafa gefið út staðla um sama efni. Leiðbeinandi reglur FLE eru lágmarkskröfur til endurskoðenda við endurskoðun hérlendis. Dómar í málaferlum gegn endurskoðendum geta einnig haft áhrif á hvað telst góð endurskoðunarvenja.

Markmið endurskoðunar, umfang og takmörk

Það hefur áður komið fram að markmið með endurskoðun er að gera endurskoðendum kleift að gefa álit á reikningsskilum, svo að lesendur ársreikninga geti betur treyst þeim upplýsingum sem þar koma fram.

Reikningsskil sem fyrirtæki leggja fram eru samin í samræmi við ákvæði laga og reglna um ársreikninga. Löggin kveða á um skyldu stjórnenda til að semja reikningsskil, innihald og framsetningu ársreikninga og þær matsreglur sem beita skal við gerð þeirra.

Við endurskoðun afla endurskoðendur gagna og gera þær kannanir sem þeir telja nauðsynlegar til að fá vissu fyrir því að ársreikningur sé í samræmi við lög um ársreikninga, góða reikningsskilavenju og samþykktir félags.

Til að hafa ávinning af lestri ársreiknings þurfa lesendur að hafa þekkingu á lögum er lúta að gerð ársreikninga og helstu reikningsskilareglum. Einnig verða lesendur að vita hvað felst í endurskoðun og áritun endurskoðenda.

Það er misskilningur að halda...

...að ársreikningur hafi að geyma fullkomlega réttar upplýsingar

Stjórnendur fyrirtækis bera ábyrgð á skipulagi bókhalds og innra eftirliti. Gott skipulag þess getur þó ekki komið í veg fyrir minniháttar skekkjur sem ekki eru leiðréttar áður en reikningsskil eru lögð fram. Stjórnendur skulu

ennfremur velja þær reikningsskilaaðferðir sem endurspegla sem best raunveruleikann og meta einstaka liði í ársreikningi út frá forsendum sem liggja fyrir við gerð hans. Slíkt val og mat er alltaf háð óvissu og atburðir sem gerast síðar geta leitt í ljós að matið hefði orðið annað ef upplýsingar sem síðar komu fram hefðu legið fyrir við gerð ársreiknings. Stjórnendur fyrirtækis þurfa við gerð reikningsskila að taka afstöðu til þess hvaða upplýsingar eru viðeigandi í ársreikningi og hversu nákvæmar þær eiga að vera. Við gerð ársreiknings geta til dæmis legið fyrir upplýsingar sem eru ekki taldar mikilvægar á þeim tíma en verða þýðingarmiklar síðar.

...að áritun endurskoðanda sé trygging fyrir því að ársreikningur sé fullkomlega réttur

Endurskoðun grundvallast á úrtaksaðferðum en er ekki fullkomin skoðun á öllum gögnum. Ekki er víst að óverulegar skekkjur komi fram eða verði leiðréttar við endurskoðun. Reikna má með að verulegar skekkjur sem hafa áhrif á glögga mynd komi fram við endurskoðun og verði leiðréttar.

Öðru máli gegnir um óvissu er lýtur að vali á reikningsskilaaðferðum, mati og hvaða upplýsingar eru gefnar í ársreikningi. Endurskoðendur hafa, líkt og stjórnendur, ekki möguleika á að sjá inn í framtíðina. Þeir geta aðeins sannreynt matsaðferðir stjórnenda og borið þær saman við aðgengilegar upplýsingar og eigið mat. Endurskoðendur skulu vera gagnrýnir á mat stjórnenda og ef þeir eru ósammála geta þeir brugðist við með því að leggja til breytingar á ársreikningi eða geta þess í áritun sinni.

Fjárdráttur, svik og annað ólögmætt athæfi

Því er oft haldið fram að eitt af hlutverkum endurskoðanda sé að koma upp um fjárdrátt, svik eða annað ólögmætt athæfi. Lög um endurskoðendur og önnur lagaákvæði mæla ekki fyrir um þetta hlutverk endurskoðanda. Lög og góð

endurskoðunarvenja gera ráð fyrir að endurskoðendur meti innra eftirlit í viðkomandi fyrirtæki og láti í ljós álit á hvort það er öruggt og skilvirkt. Endurskoðendur geta þannig komist að því við vinnu sína að fyrir hendi séu veikleikar í innra skipulagi fyrirtækis sem geta auðveldað óheiðarlegum starfsmönnum að nýta sér þá í ólögætum tilgangi. Það er á ábyrgð stjórnenda fyrirtækis að skipuleggja starfsemi þess með viðeigandi verkaskiptingu og eftirliti þannig að innra eftirlit sé traust. Sem dæmi um eðlilega verkaskiptingu má nefna að störf við greiðslu og bókun reikninga eiga að vera aðskilin. Endurskoðendur skipuleggja vinnu sína með tilliti til þess að þeir þurfi að fullvissa sig um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Mat á innra eftirliti vegur þungt í þeirri skipulagningu.

Þegar endurskoðandi hefur endurskoðað samkvæmt góðri endurskoðunarvenju án þess að hafa orðið var við eitthvað óeðlilegt, þá er það ekki í hans verkahring að framkvæma sérstaka rannsókn með tilliti til hugsanlegra svika. Fáir endurskoðandi hins vegar vísbendingar um svik eða annað ólöglegt athæfi ber honum að ganga úr skugga um hvort þær séu á rökum reistar. Honum ber einnig að tilkynna stjórnendum skriflega hvers hann hefur orðið vísari og gera þeim grein fyrir niðurstöðum athugunar sinnar.

Endurskoðunarferlið

Endurskoðunarferlið samanstendur af nokkrum þáttum sem hafa það meginmarkmið að gera endurskoðendum kleift að gefa álit á ársreikningi. Þó svo að endurskoðunaraðferðir séu í aðalatriðum eins ber endurskoðendum að aðlaga þær aðgerðir sem þeir nota að stæðum hjá hverju fyrirtæki fyrir sig.

Samþykkt

Sérhvert verkefni byrjar með athugunum á því hvort endurskoðandi geti og eigi að taka það að sér. Endurskoðandi þarf að meta hvort hann uppfylli kröfur um hlutleysi og óhæði, sem gerðar eru kröfur um í lögum um endurskoðendur og hvort hann búi yfir nægilegri hæfni og getu til að leysa verkefnið. Sérstakar ástæður geta valdið því að endurskoðandi neiti verkefni, t.d. hagsmunaárekstrar milli viðskiptavina, verkefnið standist ekki lög eða vafi er um samvinnu við viðskiptavin og greiðslu fyrir endurskoðunarvinnu.

Skipulagning

Hafi endurskoðandi tekið að sér endurskoðunarverkefni þá er næsta skref að afla sér þekkingar á verkefninu. Endurskoðandi aflar sér upplýsinga um eigendur og stjórn fyrirtækisins, skipulag, innra eftirlit og þau fjárhagsupplýsingakerfi sem eru í notkun. Jafnframt skoðar endurskoðandi hvernig rekstrarstaða þess er og fær yfirsýn yfir efnahag fyrirtækisins og þá áhættu sem fylgir rekstri þess.

Að fengnum þessum upplýsingum metur endurskoðandi þá þætti sem hafa afgerandi áhrif á glögga mynd af afkomu og stöðu fyrirtækisins. Þannig ber endurskoðanda að meta áhættu sem tengist einstökum reikningsliðum og verkferlum.

Endurskoðendur hafa ekki eftirlit með öllum bókhaldsfærslum þar sem slíkt er ekki nauðsynlegt til að uppfylla markmið endurskoðunar. Nauðsynlegt er að þær athaganir sem endurskoðendur gera beinist að mikilvægum og áhættumeiri rekstrar- og efnahagsliðum.

Endurskoðendur fara yfir og meta þau eftirlitskerfi sem miða að því að takmarka möguleika á að villur eigi sér stað. Skorti innra eftirlit, eða ef það er ófullnægjandi, þurfa endurskoðendur að meta hvaða viðbótaraðgerðum þurfi að beita til að geta gefið álit á ársreikningi.

Skipulagning og framkvæmd endurskoðunar byggir á upplýsingum og þekkingu sem endurskoðendur hafa aflað sér á viðkomandi fyrirtæki. Ef endurskoðun leiðir í ljós nýjar upplýsingar þarf að aðlaga endurskoðunaraðferðirnar að þeim.

Framkvæmd

Við skipulagningu verkefna ákveða endurskoðendur hvaða aðferðum skuli beita. Aðferðirnar taka mið af aðstæðum hverju sinni.

Endurskoðunaraðferðum er hægt að skipta þannig:

- 1 Aðgerðaendurskoðun er beitt þegar endurskoðandi hefur komist að raun um að fyrir hendi sé innra eftirlit í fyrirtæki og hann ályktað að svo fremi sem það virki eins og til er ætlast sé tryggt að viðeigandi endurskoðunarmarkmið náist. Aðgerðaendurskoðun er því samheiti fyrir aðferðir sem eru til þess fallnar að prófa hvort innra eftirlit sé eins öruggt og búist var við.
- 2 Gagnaendurskoðun er notuð þegar endurskoðandi getur ekki stuðst við innra eftirlit. Gagnaendurskoðun er samheiti fyrir aðferðir sem fela í sér beina skoðun gagna og eru til þess fallnar að staðfesta réttmæti skráninga og einstakra liða ársreiknings.

Endurskoðanda ber að taka tillit til atburða sem átt hafa sér stað eftir lok reikningsárs og tilheyra eða skýra afkomu og stöðu fyrirtækisins á því ári. Taka verður tillit til allra atburða sem eiga sér stað fram að áritun endurskoðandans og hafa verulega þýðingu við mat hans á afkomu og stöðu fyrirtækisins og rekstrarhorfum.

Trygging fyrir gæðum verkefnis

Endurskoðun lýkur með áritun endurskoðenda á ársreikning fyrirtækis og skýrslu til stjórnar um niðurstöður hennar.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur vilja koma á framfæri við stjórn og framkvæmdastjóra, skal skrá í sérstaka endurskoðunarbók eða leggja fram skriflega á annan hátt. Endurskoðendum ber að fullvissa sig um að endurskoðunin hafi staðist gæðakröfur í samræmi við leiðbeinandi reglur og góða endurskoðunarvenju og að færðar séu sönnur á framkvæmd endurskoðunarinnar og niðurstöður hennar með vinnupappírnum.

Skýrslur endurskoðenda

Endurskoðendur gera almennt grein fyrir niðurstöðu endurskoðunar með þrennum hætti:

- Endurskoðunaráritun
- Endurskoðunarbréf eða skýrsla
- Aðrar athugasemdir

Endurskoðunaráritun

Lög um endurskoðendur kveða á um að endurskoðun verði einungis sinnt af til þess hæfu og menntuðu fólki. Öðrum en þeim sem hafa til þess tilskilda menntun og hafa hlotið löggildingu er óheimilt að kalla sig endurskoðendur.

Í smærri félögum og félagasamtökum er stundum gert ráð fyrir að aðalfundur kjósi einn eða fleiri skoðunarmenn sem ætlað er að skoða ársreikning og bókhaldsgögn. Þessir skoðunarmenn árita ársreikning viðkomandi fyrirtækis eða félags en undir engum kringumstæðum má jafna slíkum áritunum við áritun endurskoðenda.

Áritun endurskoðenda er hluti af ársreikningi og skal ávallt lesa hana með tilliti til þess. Hjá fyrirtækjum sem falla undir tiltekin lagaákvæði er endurskoðun lögboðin og er endurskoðendum þá skylt að árita ársreikning þeirra.

Í lögum um ársreikninga eru gerðar kröfur um megininntak endurskoðunar-áritunar. Með leiðbeinandi reglum og alþjóðlegum stöðlum eru auk þess gerðar kröfur um útfærslu endurskoðunarinnar og form endurskoðunaráritunarinnar. Þessar leiðbeiningar breytast frá einum tíma til annars og fylgja þróun sem verður í gerð og framsetningu ársreikninga og breytingum á lögum og reglum.

Endurskoðunaráritunin er hluti ársreiknings og þar með aðgengileg lesendum hans. Aðrar skýrslur endurskoðenda eru það hins vegar ekki.

Í endurskoðunaráritun má ekki sleppa upplýsingum sem endurskoðendum ber lögum samkvæmt að láta uppi og eru mikilvægar til þess að lesandinn fái glögga mynd af afkomu og stöðu fyrirtækisins.

Gagnrýni á endurskoðunaráritun

Því er stundum haldið fram að endurskoðunaráritanir séu óskiljanlegar, merkingarlaugar, villandi og óskýrar. Þessa afstöðu má einkum rekja til vanþekkingar á endurskoðun og starfsháttum endurskoðenda.

Ágreiningur um túlkun á endurskoðunaráritunum kemur oftast upp þegar erfiðleikar verða hjá viðkomandi fyrirtæki og hluthafar og lánardrottinn hafa orðið fyrir tapi á viðskiptum við það. Oft er þá vitnað til þess að í árituninni hafi ekki verið varað við eða greint frá aðsteðjandi erfiðleikum.

Óskiljanlegar og merkingarlausar

Ef áritanir endurskoðenda þykja óskiljanlegar eða merkingarlausar má í flestum tilvikum rekja það til þess að endurskoðendur tjá sig á illskiljanlegu fagmáli eða að lesendur hafa ekki nauðsynlegar forsendur til að skilja áritunina.

Í áritun sinni verða endurskoðendur að tjá sig nákvæmlega og faglega rétt en það getur haft í för með sér tyrfið orðalag þannig að aðrir en endurskoðendur og þeir sem fjalla um ársreikninga telji áritunina óskiljanlega eða merkingarlausar. Lesendur geta þá verið í vafa um hvort þeir skilji áritunina rétt og í henni felist jafnvel boðskapur sem aðeins fagfólk skilur.

Gera verður þá kröfu til lesenda reikningsskila að þeir hafi lágmarkspækkingu og skilning á reikningsskilum og vinnuaðferðum endurskoðenda til að þeir öðlist skilning á endurskoðunarárituninni.

Villandi eða óskýrar

Til að bregðast við gagnrýni um villandi og óskýrar áritanir hafa endurskoðendur leitast við að samræma þær og staðla.

Fyrirvaralaus áritun er gefin út frá þeirri vitneskju og forsendu að fyrirtækið verði í áframhaldandi rekstri.

Hafa verður í huga að í endurskoðunarárituninni hefur verið tekið tillit til aðstæðna og atburða sem átt hafa sér stað fram að dagsetningu hennar. Ef ekki

hefur verið tekið tillit til slíkra atriða eða þeirra ekki getið getur endurskoðunar-
áritunin verið villandi eða óskýr.

Atburðir sem eiga sér stað eftir áritun og voru ekki fyrir séðir á þeim tíma en
breyta forsendum reikningsskilanna, geta einnig leitt til þess að lesendur telja
áritunina vera villandi eða óskýra.

Upplýsinga- og þagnarskylda

Með áritun sinni á ársreikning eru endurskoðendur að upplýsa eigendur,
lánardrottna og aðra lesendur ársreiknings um álit sitt á honum.

Telji endurskoðendur nauðsynlegt að leggja fram athugasemdir og/eða
áþendingar skulu þeir koma þeim á framfæri við stjórnendur með skriflegum
hætti.

Endurskoðendur eru bundnir þagnarskyldu um upplýsingar og gögn sem þeir fá
og hafa aðgang að í krafti stöðu sinnar. Þeir mega því ekki tjá sig opinberlega eða
við einstaka hluthafa um aðstæður fyrirtækis eða um vinnu sína við
endurskoðunina.

Á aðalfundi fyrirtækis ber endurskoðendum að svara spurningum varðandi
ársreikning sem áritaður er af þeim. Skylda til að svara spurningum lýtur einungis
að málefnum sem hafa þýðingu fyrir skilning á ársreikningi sem þeir hafa áritað.

Endurskoðunaráritanir

Endurskoðunaráritanir eru í meginatriðum tvenns konar.

1 Endurskoðunaráritun án fyrirvara

Endurskoðendur nota þessa áritun þegar þeir hafa komist að þeirri niðurstöðu
að ársreikningur gefur glögga mynd af afkomu og efnahag fyrirtækis.

2 Endurskoðunaráritun með fyrirvara

Þessi áritun er notuð þegar endurskoðendur hafa fyrirvara um atriði er snerta endurskoðunina, reikningsskilaaðferðir eða annað sem hefur áhrif á mat á tilteknum liðum í ársreikningnum og lesendur verða að taka tillit til við lestur hans.

Í báðum tilvikum getur við tilteknar aðstæður verið nauðsynlegt og jafnvel skylt að veita gleggri upplýsingar í áritun ef þeirra er ekki getið annars staðar í ársreikningi.

Áritun án fyrirvara

Hin venjulega áritun án fyrirvara hefur verið stöðluð af endurskoðendum. Ástæður þessa eru þær að góð endurskoðunarvenja á að leiða til þess að mat endurskoðenda á sömu eða sambærilegum ársreikningum gefi sömu niðurstöðu. Eðlilegt er að sama niðurstaða endurspeglit í sambærilegri áritun. Lesendur ársreiknings fá ennfremur vissu fyrir að þessi áritun þýðir það sama hver svo sem endurskoðandinn er.

Þessi staðlaða áritun byggir á því að stjórnendur fyrirtækja og lesendur ársreikninga hafi tiltekna þekkingu á lögum og reglum um gerð og framsetningu reikningsskila og ennfremur þekkingu á starfi endurskoðenda.

Ef áritunin inniheldur fyrirvara eða viðbótarupplýsingar koma þau atriði sem sérstakur liður á undan áliti endurskoðenda, þ.e. milli grundvallar álits og áliti endurskoðenda.

1 Áritun endurskoðenda

2 Til stjórnar og hluthafa í ABC hf.

3 Við höfum endurskoðað ársreikning ABC hf. fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

4 Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur í sér athaganir á gögnum með úrtakskömunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

5 Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögg mynd af afkomu félagsins á árinu 2000, efnahag þess 31. desember 2000 og breytingu á handbæru fé á árinu 2000, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningskilavenju.

6 Reykjavík, 1. apríl 2001.

7 

Jón Jónsson

Áritun án fyrirvara lítur þannig út samkvæmt leiðbeinandi reglum FLE

Einstakir þættir endurskoðunaráritunarinnar verða skýrðir nánar hér á eftir en að öðru leyti er vísað til „Leiðbeinandi reglna um áritun á endurskoðuð reikningsskil“.

3 - Afmörkun

Við höfum endurskoðað ársreikning ABC hf. fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

4 - Grundvöllur

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

5 - Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2000, efnahag þess 31. desember 2000 og breytingu á handbæru fé á árinu 2000, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju.

6 - Aðsetur og dagsetning

Reykjavík, 1. apríl 2001.

7 - Undirskrift



Jón Jónsson

Fyrirsögn og viðtakandi

Áritun endurskoðenda skal hafa viðeigandi fyrirsögn og skal hún stíluð á þann sem réði hann til starfans eftir því sem við á.

Afmörkun

Í fyrsta hluta áritunarinnar kemur fram staðfesting á því að endurskoðandi hafi endurskoðað ársreikning fyrirtækis og til hvaða tímabils hann tekur. Ennfremur er upplýst um hvaða skýrslur ársreikningurinn hafi að geyma en þær eru í flestum tilvikum skýrsla og áritun stjórnenda, rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar. Álit endurskoðanda tekur því til allra framangreindra skýrslna. Við endurskoðun ársreiknings aflar endurskoðandi ýmissa upplýsinga sem veita honum vissu um áreiðanleika þeirra fjárhagsupplýsinga sem ársreikningurinn hefur að geyma. Endurskoðandinn gefur álit sitt á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar, en með því tekur hann jafnframt á sig ábyrgð á að sú yfirlýsing sem í álit hans felst sé réttmæt. Þrátt fyrir að í áritun endurskoðenda felist ákveðin yfirlýsing um áreiðanleika þessara fjárhagsupplýsinga felur hún ekki í sér að upplýsingarnar séu allar fullkomlega réttar.

Yfirlýsing endurskoðenda takmarkar ekki ábyrgð stjórnenda fyrirtækis því það eru eftir sem áður þeir sem leggja ársreikninginn fram og bera ábyrgð á honum í samræmi við lög og reglur.

Grundvöllur álits

Í öðrum kafla áritunarinnar er gerð grein fyrir umfangi endurskoðunarinnar með því að taka fram að endurskoðað hafi verið í samræmi við venjur, reglur eða alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Hér kemur einnig fram að endurskoðunin hafi verið skipulögð og framkvæmd þannig að nægjanleg víska hafi fengist um að

ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, en með því er átt við að ekki séu í honum verulegar skekkjur og að ekki vanti í hann nauðsynlegar upplýsingar. Endurskoðuninni er lýst með því að gera grein fyrir eftirfarandi:

- a Gögn hafi verið athuguð með úrtakskönnunum til þess að sannreyna þær fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum.
- b Lagt hafi verið mat á reikningsskilaaðferðir.
- c Könnuð hafi verið þau atriði ársreikningsins sem byggja að verulegu leyti á mati stjórnenda.
- d Mat hafi verið lagt á framsetningu ársreikningsins í heild.

Í öðrum kafla áritunarinnar er einnig tekið fram að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit á.

Álit

Í áritun endurskoðenda skal koma skýrt fram hvort þeir telji ársreikninginn gefa glögga mynd í samræmi við lög og reglur. Orðasambandið glögg mynd er notað hér í sambærilegri merkingu og enska orðasambandið „true and fair view“ og bandaríska orðasambandið „fairly in all material respects“. Merking þessa orðasambands felur það m.a. í sér að endurskoðendur líta fyrst og fremst á þau atriði sem hafa veruleg áhrif á ársreikninginn. Orðasambandið felur ekki í sér að með árituninni sé verið að staðfesta að allar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum séu réttar þar sem í þeim er falið mat á aðstæðum sem ekki er full vitneskja um.

Dagsetning og undirskrift

Dagsetning áritunar endurskoðenda er miðuð við þann dag sem endurskoðun ársreiknings lýkur. Með því er lesandinn upplýstur um að endurskoðandinn hafi

metið áhrif af mikilvægum atburðum sem átt hafa sér stað fram til þess dags og kunna að hafa áhrif á ársreikninginn sem áritunin tekur til. Ábyrgð endurskoðanda er fólgin í áritun á ársreikninginn og þar sem hann er lagður fram af stjórnendum undirrita endurskoðendur ekki áritunina fyrr en stjórnendurnir hafa staðfest ársreikninginn.

Áritunin skal undirrituð í nafni endurskoðunarfyrtækis eða nafni endurskoðandans eftir því sem við á.

Áritun með fyrirvara

Þær aðstæður kunna að vera fyrir hendi að endurskoðendur geta ekki áritað ársreikninginn með hefðbundinni áritun án fyrirvara. Þegar vikið er frá henni hafa áritanirnar að geyma í meginatriðum eftirfarandi fjóra þætti:

Greint er frá atriðum sem hafa ekki áhrif á álit endurskoðandans

1 ábending um tiltekið atriði

Greint er frá atriðum sem hafa áhrif á álit endurskoðandans

2 álit með fyrirvara

3 álit ekki látið í ljós

4 neikvætt álit

Atriði sem hafa ekki áhrif á álit endurskoðandans

Stundum þarf í áritun án fyrirvara að leggja áherslu á tiltekið atriði sem hefur áhrif á ársreikninginn og er sérstaklega getið um í skýringum. Slík ábending breytir ekki álitsmálgrein áritunarinnar. Ábendingin er venjulega sett fram í sérstakri málgrein á eftir álitsmálgreininni og tekið fram að áritunin sé eftir sem áður án fyrirvara.

Atriði sem hafa áhrif á álit endurskoðandans

Endurskoðandi getur ekki gefið álit án fyrirvara ef um er að ræða atriði sem að hans mati hafa, eða geta haft, veruleg áhrif á ársreikninginn. Hér er m.a. átt við ef:

- a takmarkanir eru á því að beita nauðsynlegum endurskoðunaraðgerðum.
- b ágreiningur er við stjórnendur fyrirtækisins um þær reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, hvernig þeim er beitt, eða hvort fullnægjandi upplýsingar eru í ársreikningnum.

Þau tilvik sem lýst er í a) gætu leitt til álits með fyrirvara eða að álit yrði ekki látið í ljós. Þau tilvik sem lýst er í b) gætu leitt til álits með fyrirvara eða neikvæðs álits.

Þegar endurskoðendur geta ekki sett fram álit án fyrirvara skulu ástæður þess koma greinilega fram í árituninni og möguleg áhrif þeirra á ársreikninginn ef hægt er. Venjulega eru þessar upplýsingar settar fram í sjálfstæðri málsgrein á undan álitismálsgreininni, eða sambærilegri málsgrein þegar álit er ekki látið í ljós. Málsgreinarnar geta haft að geyma tilvísanir í atriði sem fjallað er nánar um í skýringum.

Álit með fyrirvara er notað þegar ágreiningur við stjórnendur er ekki það mikill, eða takmarkanir á endurskoðunarvinnu það stórvægilegar, að setja þurfi fram neikvætt álit eða að álit er ekki látið í ljós. Þessi áritun er því gefin þegar fyrirvari er um einn eða fáa liði í ársreikningnum vegna framsetningar, vandkvæða við endurskoðun eða óvissu. Í þeim tilvikum telja endurskoðendur að ársreikningur gefi glögga mynd af afkomu og efnahag félags að undanskildum þeim liðum sem gerður er fyrirvari um. Ástæður fyrirvarans eru þá tilgreindar og jafnframt áhrif hans á ársreikninginn.

Álit er ekki sett fram ef áhrif takmarkana eru hugsanlega svo víðtæk og veruleg að endurskoðandanum tekst ekki að afla nægjanlegra endurskoðunargagna til að geta látið í ljós álit á ársreikningnum. Neikvætt álit er sett fram ef ágreiningur er um atriði sem hafa svo víðtæk og veruleg áhrif á ársreikninginn að endurskoðandinn kemst að þeirri niðurstöðu að álit með fyrirvara er ekki nægjanlegt til að gera grein fyrir hinum villandi eða ófullkomna ársreikningi. Í áritun þar sem um er að ræða neikvætt álit er gerð grein fyrir ágreiningnum í þriðju málsgrein áritunarinnar en þar á eftir kemur álitismálsgreinin.

Þegar lesendur ársreiknings meta fjárhagsstöðu fyrirtækis út frá þeim upplýsingum sem fram koma í honum er afar mikilvægt að jafnframt sé gengið úr skugga um hvort áritun endurskoðenda sé með einhverjum fyrirvara, en slíkt kann að hafa áhrif á mat lesandans.

Jafnvel þótt áritunin sé fyrirvaralaus og að álit endurskoðenda sé að „ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu og efnahag fyrirtækisins“, þá fer ekki hjá því að lesendur ársreiknings verði að leggja eigið mat á ýmsa þætti sem ekki koma beint fram í ársreikningnum. Þetta á t.d. við um almenna efnahagsþróun, framtíðaráform fyrirtækisins, samkeppnisstöðu þess, hæfni stjórnenda og fleira.

Til frekari upplýsinga er vísað til leiðbeinandi reglna FLE um áritanir á endurskoðuð reikningsskil.

Endurskoðunarbréf og aðrar athugasemdir

Í áritun endurskoðenda kemur fram álit á ársreikningnum, en auk þess koma endurskoðendur ábendingum og athugasemdum á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra ýmist með því að skrá þær í sérstaka endurskoðunarbók eða leggja þær fram skriflega á annan hátt.

Niðurlag

Enda þótt mikill hluti verkefna endurskoðenda felist í endurskoðun ársreikninga eru störf endurskoðenda margbreytileg og fjölbætt og sjaldnast bundin við endurskoðun einvörðungu. Önnur verkefni endurskoðenda felast í ýmiss konar ráðgjöf og má þar nefna ráðgjöf á sviði skattamála, reikningsskila og upplýsingatækni. Ennfremur veita endurskoðendur ýmsa aðra sérfræðiþjónustu, t.d. á sviði félagaréttar og fjárhags- og rekstrarráðgjafar, en sérfræðiþekking endurskoðenda er almennt mikil og víðtæk og verðmæt þeim sem hennar njóta.

Flestir starfandi endurskoðendur eru félagar í Félagi löggiltra endurskoðenda (FLE). Tilgangur félagsins er m.a. að viðhalda og auka faglega þekkingu félagsmanna, að vera í forsvari fyrir félagsmenn á opinberum vettvangi og að vinna að því að almennt aðhald sé með störfum endurskoðenda.

Til að halda löggildingu sinni er endurskoðendum skylt að viðhalda og bæta við þekkingu sína, m.a. með því að sækja ákveðinn fjölda námskeiða ár hvert, sem er einsdæmi meðal sérfræðistétta hérlandis. FLE hefur eftirlit með því að starfandi endurskoðendur sinni þessari lögboðnu skyldu sinni. Félagið hefur samþykkt gæðastaðal og vinnur markvisst að því að endurskoðendur og endurskoðunar-fyrirtæki uppfylli þær gæðakröfur sem gerðar eru til starfa þeirra.

Félagið stendur fyrir reglubundnum fundum og námskeiðahaldi, útgáfu á leiðbeinandi reglum auk útgáfu á fréttabréfi og tímariti. Á vegum félagsins eru starfandi fagnefndir á sviði endurskoðunar, reikningsskila og skattamála. Menntunarnefnd FLE hefur umsjón með fræðslustarfi á vegum félagsins, en auk þessara nefnda eru starfandi álitsnefnd, ritnefnd og gæðanefnd.

Félagið hefur leitast við að eiga sem best samskipti við erlenda endurskoðendur til þess að fylgjast með því nýjasta sem er til umfjöllunar hverju sinni og sækja fulltrúar félagsins í því skyni fundi erlendis auk þess sem mikil samskipti eiga sér stað við erlend fagfélög endurskoðenda með ýmsum öðrum hætti.

Meðal erlendra félaga og sambanda sem FLE er aðili að eru Norræna endurskoðendasambandið (NRF), Evrópusamband endurskoðenda (FEE), Alþjóðasamband endurskoðenda (IFAC) og Alþjóða reikningsskilanefndin (IASC).

Tilgangur með útgáfu þessa bæklinga er að auka skilning á störfum endurskoðenda og ábyrgð þeirra og varpa ljósi á grundvallaratriði endurskoðunar og hlutverk endurskoðenda við gerð ársreikninga.

Félag löggiltra endurskoðenda er fagfélag endurskoðenda á Íslandi. Tilgangur félagsins er meðal annars að viðhalda og auka faglega þekkingu félagsmanna og vinna að kynningu á störfum endurskoðenda.

Endurskoðunarnefnd Félags löggiltra endurskoðenda sá um útgáfu bæklinga síns. Frekari upplýsingar um félagið er að finna á heimasíðu þess, www.fle.is

